

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

650. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 31. maí 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Bréf Alþingis, umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Lagði hann fram tilboð sem borist hafa í verkið „Vaðlaug 2. áfangi –Raflagnir.“ Tilboð bárust frá eftirtöldum: Skjanna ehf. kr. 3.202.277- og Tengli ehf. kr. 3.630.086-Kostnaðaráætlun hönnuða er kr. 3.262.500- Byggðarráð samþykkir að fela tæknideild að ganga til samninga við Skjanna ehf..
2. Fram lagt til kynningar bréf frá Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis um frumvarp um orlof húsmæðra.

Samþykkt að taka á dagskrá:

3. Sveitarstjóri lagði fram drög að samkomulagi við Eirík Steinarsson. Samkomulag þetta er gert vegna óþæginda og meints tjóns sem Eiríkur Steinarsson metur að hann hafi orðið fyrir af hálfu Húnaþings vestra vegna skorts á upplýsingum og leiðbeiningu varðandi álagningu gjalda á viðbyggingu við fasteign hans að Strandgötu 7 á Hvammstanga. Samkomulagið inniber að Húnaþing vestra veiti Eiríki Steinarssyni afslátt kr. 200.000- af álögðum gjöldum vegna viðbyggingarinnar. Gjaldfrestur er jafnframt veittur í allt að tvö ár án vaxta frá 15. desember 2009 og skal lokagreiðsla því fara fram eigi síðar en 15. desember 2011. Byggðarráð staðfestir samkomulagið og felur sveitarstjóra undirritun þess.
4. Fram lögð tilkynning KSÍ til Umf. Kormáks um styrk Mannvirkjasjóðs KSÍ til félagsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Hvammstangavelli. Framlag mannvirkjasjóðs er kr. 1.000.000-

Formaður byggðarráðs þakkaði samstarfsmönnum sínum í byggðarráði fyrir samstarfið á liðnum árum.

Byggðarráð þakkar sveitarstjóra og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir samstarfið.

Fundagerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:45.

Elín R. Líndal(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).